

**Nd.**

**491. Frumvarp til laga**

**[153. mál]**

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

Frá menntamálanefnd.

**1. gr.**

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

- a. 42% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
- b. 15% skattsins renni í ríkissjóð, unz greiddar eru að fullu skuldir, er ríkissjóður tekur að sér að greiða vegna byggingarkostnaðar þjóðleikhússins.
- c. 35% skattsins renni í félagsheimilasjóð og skal varið eftir því, sem fyrir er mælt í l. nr. 77/1947, um félagsheimili.
- d. 8% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal helmingur þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en helmingur til kennslukvikmyndasafns.

**2. gr.**

Innheimta skal skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927 og viðaukum við þau með 10% álagi, og skulu tekjur af því álagi renna til ríkissjóðs. Heimilt er ráðherra að greiða helming af tekjum þessum til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

**3. gr.**

Hagnaður viðtækjaverzlunar ríkisins árin 1951—1956, að báðum meðtöldum, renni í ríkissjóð. Um sama tíma frestast framkvæmd síðari málsgr. 14. gr. laga nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

**4. gr.**

Ríkissjóður tekur að sér greiðslu skulda, er myndast hafa vegna byggingar þjóðleikhússins, gegn endurgreiðslu á þann hátt, er greinir í 1., 2. og 3. gr. þessara laga. Heimilt er ríkissjóði að taka lán innanlands til greiðslu skuldanna.

**5. gr.**

Heimilt er ráðherra að ákveða, telji hann þess þörf, að tekjuskipting milli rekstrarsjóðs og byggingarsjóðs þjóðleikhússins samkvæmt a- og b-liðum 1. gr. skuli gilda fyrir árið 1951.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni menntamálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundnar hendur um að flytja brtt. eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Árstekjur af skemmtanaskatti eru áætlaðar 3.4 milljónir króna að núgildandi lagaákvæðum óbreyttum. Þar í er falið sérstakt álag, sem óskipt rennur í byggingarsjóð þjóðleikhússins og nemur um 306 þús. kr. Hinn hluti skemmtanaskattsins, kr. 3 096 000.00, skiptist þannig nú, að rekstrarsjóður leikhússins fær 25% (kr. 773 500.00), byggingarsjóður 32% (kr. 990 080.00), félagsheimilassjóður 35% (kr. 1 080 900.00) og lestrarfélög og kennsluvikmyndasafn 8% (kr. 247 520.00).

Samkvæmt upplýsingum frá þjóðleikhúsráði og þjóðleikhússtjóra er gert ráð fyrir, að rekstrarhalli leikhússins verði a. m. k. 500 þús. kr. á ári, að fengnum framangreindum tekjum af skemmtanaskatti og þrátt fyrir að leikhúsið sjálft greiðir engan skemmtanaskatt. Verður því að leita nýrra ráða til að tryggja rekstur leikhússins. Stjórn stofnunarinnar hefur leitast við að draga úr gjöldum eins og hún telur fært. Verð aðgöngumiða verður ekki hækkað frá því, sem nú er. — Menntamálaráðuneytið telur, að eigi beri að draga úr þeim kröfum, sem gerðar eru til þjóðleikhússins, og sé því eigi að svo komnu fært að fækka sýningum og reyna að draga úr kostnaði á þann hátt. Er lagt til, að farin verði sú leið, sem frumvarp þetta felur í sér, að ríkissjóður taki að sér greiðslu byggingarskulda leikhússins og hluti rekstrarsjóð af skemmtanaskattinum aukinn. Byggingarskuldir leikhússins nema rúmlega 10.5 milljónum króna. Þar af eru umsamin lán kr. 6 057 350.00, vextir af þeim allt lánstímabilið kr. 1 662 030.00, óumsamdar skuldir 2.7 millj. kr. og áætlaðir ársvextir af þeim 162 þús. kr. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkissjóður fái í sinn hlut 15% skemmtanaskattsins, unz hann hefur fengið endurgreitt það, sem hann borgar af skuldum leikhússins. Enn fremur fái ríkissjóður 10% álag á skemmtanaskattinn og hagnað viðtækjaeinkasölnunnar árin 1951—1956, að báðum meðtöldum, en þeim tekjum er samkvæmt lögum nr. 65/1950 ætlað að ganga til greiðslu byggingarskuldanna árin 1950—1952.

Um skemmtanaskatt ársins 1951 er að sjálfsögðu ekki vitað til fulls enn þá, en samkvæmt uppgjöri fyrir árið 1950 skiptist skatturinn það ár sem hér segir:

Rekstrarsjóður fékk .....	kr. 735 261.67
Byggingarsjóður fékk .....	— 1 086 414.39
Félagsheimilassjóður fékk .....	— 1 073 138.45
Lestrarfélög og kennsluvikmyndir fengu .....	— 252 792.56

Samtals kr. 3 147 607.07.“